


Kvikmyndir á öðrum nótum

Í DAG hefst í Háskólabíói vikulöng kvikmyndahátíð sem nefnist Harðfiskur og Hreyfimyndafélagið stendur fyrir. Þar verða sýndar kvikmyndir frá Bandaríkjunum, Frakklandi, Tékkóslóvakíu og Póllandi, og þá aðallega myndir sem gerðar eru utan við stóru framleiðslufyrirtækin. Meðal leikstjóra má nefna Claire Denis frá Frakklandi, Jan Svěrák frá Tékkóslóvakíu, Maciej Dejczer frá Póllandi, Jim Jarmusch, Gregg Araki og Alex Rockwell frá Bandaríkjunum en framleiðandi margra þeirra mynda sem sýndar verða, Jim Stark, er gestur hátíðarinnar ásamt Araki, Denis og Svěrák.

En af hverju er ráðist í að halda kvikmyndahátíð með þessum anga kvikmyndagerðar? „Hið áhugaverða við ódýrar kvikmyndir,“ segir framleiðandinn Jim Stark, „er að þær gefa kvikmyndagerðarmönnum kost á að fjalla um hluti sem menn í Hollywood myndu aldrei snerta á, og ráða góða leikara sem fá ekki vinnu þar. Myndir frá Hollywood einkennast af sömu formúlunum og sömu leikurum í sífellu, sem er mikil áhyggjuefni. En þetta tengist þeim tveimur ástæðum sem liggja að baki því að við erum að halda þessa hátíð. Önnur ástæða er sú að íslensk kvikmyndahús hafa fíndssaman smekk og sýna aðallega framleiðslu frá Hollywood, en við teljum að hérlendis sé töluvert stór hópur áhorfanda sem vill sjá kvikmyndir á öðrum nótum. Hin ástæða er sú að ég er mikill addáandi þess sem er að gerast í íslenskum kvikmyndaiðnaði, og sérstaklega þess sem er að gerast hjá ungum kvikmyndagerðarmönnum. Með hátíðum sem þessum gefst áhorfendum og kvikmyndagerðarmönnum tækifæri til að hitta erlenda gesti, skiptast á skoðunum og ná utan um þá alheimsþróun sem á sér stað í kvikmyndagerð. Þetta auðveldar líka íslenskum kvikmyndagerðarmönnum að stíga næsta skref inn á alheimsmarkaðinn.“



Leikstjórinn Gregg Akari og kvikmyndaframleiðandinn Jim Stark, sem eru meðal gesta kvikmyndahátíðarinnar Harðfisks.

Dagskrá Harðfisks-hátíðar

Sýningar fara fram í Háskólabíói.

Föstudagur 30. október
Kl. 21.00: Night On Earth í leikstjórn Jims Jarmusch

Kl. 23.20: The Living End í leikstjórn Greggs Araki sem verður viðstaddur sýninguna.

Laugardagur 31. október
Kl. 17.00: In The Soup í leikstjórn Alex Rockwells

Kl. 19.00: Elementary School í leikstjórn Jan Svěrák sem verður viðstaddur sýninguna.

Kl. 23.00: No Fear No Die í leikstjórn Claire Denis.

Gregg Akari er ungur bandarískur leikstjóri en þrjár mynda hans verða sýndar á Harðfisks-hátíðinni. Þær eiga allar sameiginlegt að fjalla á einn eða annan hátt um heim samkynhneigðra, og vera gerðar fyrir lítið fé. Nýjasta mynd Akaris, The Living End, kostaði aðeins um tvær og hálf milljón króna í framleiðslu. „Að baki The Living End stóð lítil hópur fólks sem gaf vinnu sínu, þetta voru fimm manns fyrir utan leikara þegar mest var, og fór niður í tvo, tókumann og leikstjóra,“ segir Akari. „Við greiddum aðeins fyrir tækjaleigu, mat og þess háttar, og þegar upp var staðið kostaði myndin einungis 25 þúsund dollara, en þá ákváðum við að stækka myndina frá 16 mm upp í fulla stærð og þá jókst kostnaður. Við eyddum heldur ekki tíma í að betla fé frá opinberum fyrirtækjum í greininni, enda margt í myndinni sem samræmist ekki þeirra áherslum. Þessi leið veitti okkur mikið tjáningarfrelsi. Ég átti raunar von á að The Living End yrði umdeildari, en fólk hefur verið mjög jákvætt þrátt fyrir að efnið sé ekki að allra skapi.“

Kjarvalsstaðir

Sýning á verkum Hrólfs Sigurðssonar, Eiríks Smiths og Þóris Barðdals

Laugardaginn 31. október verða opnaðar þrjár myndlistarsýningar á Kjarvalsstöðum, á verkum Hrólfs Sigurðssonar, Eiríks Smiths og Þóris Barðdals.

Í Austursal er yfirlitssýning á verkum Hrólfs Sigurðssonar, listmálara, í boði Menningarmálanefndar Reykjavíkur. Í kynningu Kjarvalsstaða segir að tími hafi verið kominn til að kynna verk Hrólfs, sem hingað til hafa verið lítt þekkt. Hrólfur eigi að baki merkan feril í íslenskrí myndlist. Hann hefur þó lítt haft sig í frammi í sýningarsölum; eina einkasýning hans til þessa var í Bogasal Þjóðminjasafnsins 1962. Þar fyrir utan hefur Hrólfur tekið þátt í fjölmörgum samsýningum bæði heima og erlendis.

Eiríkur Smith í Vestursal

Í frétt frá Kjarvalsstöðum segir: Eiríkur Smith hélt fyrstu einkasýningu sína árið 1948. Hann hefur síðan haldið fjölmargar sýningar og tekið þátt í samsýningum heima og erlendis.


Á sýningu Eiríks eru 23 olíumálverk, nokkur mjög stór og 30 vatnslitamyndir. Sjálfur segir listamaðurinn, að meiri dulúð sé í myndum sínum en áður. Í vatnslitamyndum vinni hann með landslag, því íslenska landslagið sækir stöðugt á sig og einskona verur spretti upp úr því.

Þórir Barðdal í Vesturforsal

Ungur myndhöggvari, Þórir Barðdal, sýnir marmara- og granítskúptúra sem allir voru unnir í Portúgal á þessu ári. Þórir segir allsnægtir af steinefnum þar í landi hafa dregið hann til sín: „Það er auðveldara að fara þangað sem steinarnir eru, en flytja þá hingað.“ Þórir segir að verk sín séu að mestu huglæg; að marmarinn hafi ákveðinn hreinleika sem passi vel inn í þetta huglæga innatak. Þetta er fjórða einkasýning hans.

Sýningin opnar kl. 15.00 og við opnunina leikur Monika Abendroth einleiksverk eftir Kirchoff á hörpu.

Sýningarnar standa til sunnudagsins 15. nóvember.



Hrólfur Sigurðsson

Tónlistarskóli Bessastaðahrepps

Tónleikar á tónlistardegi


Tónlistarskóli Bessastaðahrepps stendur fyrir tónleikum á degi tónlistarinnar, laugardaginn 31. október kl. 11.00, í hátíðarsal íþróttahússins.

Í fréttatilkynningu segir að tónleikarnir séu eingöngu helgaðir íslenskrí tónlist í tali og tónum. Allir eru velkomnir.

Vinir og ættingjar! Þakka innilega komuna í Höfðaborg, allar gjafirnar, blómin, skeytin, símtölin, kossana og kveðskapinn. Guð blessi ykkur öll.

Pála Pálsdóttir.

MUNIÐ



Manor House Hotel

HÓTELREKSTUR ERLENDIS

Stofnun hlutafélags um hótélrekstur erlendis. Þátttökueyðublöð og upplýsingar hjá Gulli og Silfri hf., Laugavegi 35, símar 22013 og 20620 og Manor House hótél í síma 90 44 803 605164.

DVELJIÐ Á EIGIN HÓTELUM ERLENDIS. Skilafrestur er til 1. nóvember 1992.



Hluthafafundur

Hluthafafundur í Eignarhaldsfélaginu Alþýðubankinn hf. verður haldinn í Hvammi á Hótel Holiday Inn, Reykjavík, laugardaginn 7. nóvember 1992 og hefst kl. 14.00.

Dagskrá:

1. Tillaga stjórnar um að gefa hluthöfum, er þess óska, kost á að skipta út hlutabréfum í félaginu fyrir hlutabréf í Íslandsbanka hf.
2. Tillaga stjórnar um breytta fjárfestingastefnu félagsins.
3. Önnu mál.

Aðgöngumiðar og fundargögn verða afhent hluthöfum eða umboðsmönnum þeirra við innganginn á fundinum. Tilögur þær, sem fyrir fundinum liggja, verða hluthöfum til sýnis á skrifstofu félagsins í Íslandsbanka hf., Kringlunni 7, 3ju hæð, Reykjavík, viku fyrir hinn boðaða fund.

Reykjavík, 23. okt. 1992.

Stjórn Eignarhaldsfélagsins Alþýðubankinn hf.

Morgunblaðið

Bláðið sem þú vaknar við!

Amerískir svefnsófar



Með einu handtaki breytir þú þessum gullfallega sófa í alveg meiriháttar rúm.

Verð frá kr. 69.000 afbverð

Marco
húsgagnaverslun

Langholtsgötu 111, sími 680 690